

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Norðurþingi.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1040/2012 sem jafnframt fellur niður.

Nýtt deiliskipulag miðhafnarsvæðis á Húsavík.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings þann 18. september 2012 var samþykkt nýtt deiliskipulag miðhafnarsvæðis Húsavíkur í Norðurþingi.

Breyting frá fyrra deiliskipulagi felst í að öll lóðarmörk og byggingarreitir eru endurskoðuð og fjöldi hæða er skilgreindur nánar. Gert er ráð fyrir nýrri aðalgönguleið og bílastæðum meðfram hafnarkanti auk nýrra flotbryggja og torgsölusvæða. Deiliskipulagið byggir að hluta á breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010–2030 sem var auglýst samhliða deiliskipulaginu.

Með samþykkt þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag af svæðinu frá 1998.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi hesthúsasvæðis við Saltvík.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings þann 20. nóvember 2012 var samþykkt breyting á hesthúsasvæði við Saltvík í Norðurþingi.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að felldar eru út þrjár lóðir en aðrar sex lóðir stækkaðar. Auk þess er staðsetning og lögun lóða, gatna, bílastæða, kerru- og rúllusvæða aðlagð nýjum forsendum, en heildarsvæði mannvirkja er nánast óbreytt.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna sem óverulega skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og breytingin grenndarkynnt. Grenndarkynningu lauk með áritun nágranna til samþykktar á uppdrátt breytinganna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Húsavík, 14. desember 2012.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.